

58. fundur - Æskulýðs- og íþróttanefnd 11. febrúar 2016 - kl. 20:00.

Mætt eru:

Magnús I. Bæringsson
Agnes Helga Sigurðardóttir
Gunnlaugur Smáráson
María K. Heimisdóttir
Mattías Arnar Þorgrímsson
Ólöf Rún Ásgeirsdóttir

Áframhaldandi umræður um stefnumótun í æskulýðsmálum

Rætt um styrki og fjármögnun ýmissa samtaka og/eða aðila sem koma að íþrótt- og æskulýðsstarfi. Mattías rýndi í fyrirbyggjandi gögn hjá Stykkishólmsbæ og athugaði jafnrétti í þessum málum. Niðurstöðurnar voru þær að svo virðist sem jafnrétti ríki í úthlutunum.

Varðandi fjármögnun í æskulýðsstarfi hjá Stykkishólmsbæ var niðurstaðan sú að hana þarf að auka og treysta ennþá frekar. Agnes fékk að ráða inn auka starfsmann en tekur það fram að hennar starf sé alltaf innan þeirra fjárhæða sem hún fær útdeilt. Má alltaf reyna að auka fjármagn, til að bæta starfið.

Jákvæðni til staðar fyrir nýjugum í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Nýta það til að bjóða upp á nýbreyttni í starfinu.

Jákvætt að hafa fagmenntaða einstaklinga í íþrótt- og æskulýðsstarfi, það hefur þó ekki alltaf verið möguleiki að manna með fagmennuðum. En það má ekki horfa fram hjá því að mikið af námskeiðum á þessum sviðum eru í boði. t.d. fyrir þjálfara. Ræddur stuðning bæjarfélagsins við endurmenntun starfsmanna bæjarins, t.d. námskeið og kostnaðurinn sem þeim fylgir.

Nefndin telur að það væri mjög jákvætt að auka samstarf milli forstöðumanna stofnana t.d. leikskóla, grunnskóla, bókasafn, íþróttamiðstöðvar og íþrótt- og æskulýðsfulltrúa. Á þann hátt mætti samstillja alla þá starfsemi, það leiðir til þess að fulltrúar stofnanna eru meðvitaðir um hvað er í gangi á hverjum stað, fulltrúarnir fylgjast á þann hátt með starfseminni hver hjá öðrum. Nefndin telur að það geri allri starfsemi gott og bæti hana. Þá bæði skapast gegnsæi yfir starfsemina og eykur metnað. Heldur líka bæjaryfirvöldum vel upplýstum. Kíkja yfir öxlina, það vantar og mætti gera með sameiginlegum fundum.

Fundi slitið kl. 21:15.